

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 1 af 2	Fundargerð (hvers?)	

Mættir: Eysteinn, Guðmundur, Gerður, Guðríður Hrund, Guðríður Eldey og Embla
Forfallaðir: Svandís, Steinhólmur og Ingibjörg
Staður og tími: Menntaskólinn í Kópavogi, stofa N-101 kl. 12:00 22.11.2023
Fundarefni:

Efnisatriði	Ábyrgð/dags. lokið ef við á:
1. Verslun opin hjá nemendum í dag til kl. 14:00 smurbrauð. Verslun á morgun kjötbúð kl. 12:00-16:00. Nemendur æfa sig og afurðin seld til starfsfólks og nemenda innanhús. Stjórnendateymi tók fyrir á Ásafundi fyrirkomulag endurgreiðslna skólagjalda og vill láta festa tímasetningu þ.e. að hægt sé að krefjast endurgreiðslu í síðasta lagi: 12. Janúar fyrir vorönn og 23. Ágúst fyrir haustönn, ein dagsetning gildir fyrir alla en ekki alltaf viku eftir hvert fag. Samþykkt samhljóða af skólanefnd	
2. Kælikerfi skólans er komið í útboð á evrópska efnahagssvæðinu því lýkur 15. des en þá verður unnið áfram með þá sem koma til greina. Inkaupastjóri skólans búinn að vera á námskeið vegna málsins. Unnið er með Ríkiskaupum.	
3. Starfsmannamál: Einn stærðfræðikennari hefur sagt upp störfum, Kerfisstjóri er hættur, einn námsráðgjafi mun krefjast lausnarlauna á næsta ári og starfsmanni á bókasafninu hefur verið tilkynnt um að ráðningasamningur verði ekki endurgerður. Stjórnendateymið tók vel í hugmynd Emblu áheyrnarfullrúa nemenda um að veita einingar fyrir aðstoð á bókasafni og munu vinna í útfærslu á því.	

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV	Fundargerð (hvers?)	
Samþykkt: GE		
Síða 2 af 2		

4. Búið er að vinna skýrslu fyrir vinnueftirlitið sem og setja inn aðgerðaráætlanir og áhættumat í gátt Almannavarna, verkefnunum verður lokið fljótlega.	
5. Umsjónarmaður fasteigna hefur óskað eftir tilboðum í myndavélar á bókasafn og utan á vestur húsið.	
6. Íþróttahús: Bréf frá ráðuneytinu um að íþróttahús verði ekki byggt og talað um samstarf við sveitarfélagið. ATH. Gátt á vef Kópavogsbæjar þar sem unnið er að heildarsýn fyrir Kópavogsdal. Hægt að koma með hugmyndir þar inn fyrir 1. Des. Skólanefnd komst að þeirri niðurstöðu að senda ekki inn í gáttina heldur senda bréf aftur á kópavogsbæ og óska eftir fundi vegna íþróttahúss.	
7. Nemendur búsettir í Grindavík: Tengiliður við félagsmálayfirvöld í Grindavík er Helga Sigríður námsráðgjafi. Búið er að senda á ráðuneytið hvernig stutt er við þá einstaklinga sem eru búsettir þar.	
8. Könnun frá ráðuneytinu á formann skólanefndar: Formaður skólanefndar svarar könnuninni og fær upplýsingar hjá fjármálastjóra áður en hann sendir hana inn. Útskrift 20. des en Ingibjörg tekur ræðuna ef hún kemst ekki mun Guðmundur sjá um ræðuna.	
9. Guðríður Eldey segir frá því sem hún er að gera í námsleyfinu sínu. Önnur mál: Embla kemur á framfæri hversu gott það er að hafa regluna ná 8 og sleppa lokaprófi. Stefnt að því að óska eftir fundi með bæjarsjórn og Guðmundur mun fylla út könnun fyrir ráðuneytið.	

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:10
Fundargerð hélt: Guðríður Hrund